

Alþingi
Erindi nr. P 133/566
komudagur 5.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2006.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, 24. mál, stjórn, afnotagjöld:

1. Kvenréttindafélag Íslands leggur til að nýrri málsgrein verði bætt við 2. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

“Framkvæmdastjórn skal skipuð konum og körlum í jöfnu hlutfalli.”

2. Jafnframt leggur Kvenréttindafélag Íslands til að við 6. gr. frumvarpsins verði bætt svohljóðandi málsgrein:

“Dagskrárráð skal gæta þess að sjónarmið kvenna jafnt sem karla verði lögð til grundvallar við alla dagskrárgerð.”

Virðingarfyllst,
f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur